

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski framleiddum á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1982

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski framleiddum á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1982:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 549,00
Millifiskur nr. 1	2 319,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 118,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 000,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, án verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1982:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
16/20 FF	6 430,00
21/25 FF	6 190,00
26/30 FF	5 950,00
31/35 FF	5 700,00
36/40 FF	5 440,00
41/45 FF	5 190,00
46/50 FF	4 850,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði, án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Dalvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Dalvíkur.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Dalvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu, nr. 304 3. ágúst 1977, sbr. samþykktir nr. 138 27. febrúar 1979 og nr. 479 20. nóvember 1979 um breytingu á henni.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi:

Svínavatnshreppur:

Holtstaðavegur: Af Holtstaðavegi að Holti II.

Áshreppur:

Kornsárvegur: Af Vatnsdalsvegi að Kornsá.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.